

Sé óskað eftir þjónustu utan þess tíma skal að auki greiða fyrir vinnu viðkomandi starfsmanns samkvæmt útseldum taxa stofnunarinnar.

11. gr.

Innheimta.

Után Reykjavíkur skulu gjöld samkvæmt 1. gr. innheimt af sýslumönnum.

Í Reykjavík skulu gjöldin innheimt af tollstjóra.

Gjöldin eru miðuð við skráningu 1. janúar og er gjalddagi og eindagi sá sami hinn 1. apríl sama árs.

Gjöld skv. öðrum greinum reglugerðarinnar skulu innheimt af Siglingastofnun Íslands eftir reikningum sem hún gefur út.

Innheimtumenn skulu skila gjöldum, sem þeir innheimta skv. reglugerð þessari í ríkissjóð.

12. gr.

Gildistaka o.fl.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt 28. gr. laga um eftirlit með skipum, nr. 35/1993, sbr. 4. gr. laga nr. 62/1993, sbr. 20. gr. laga um skráningu skipa nr. 115, 31. desember 1985, með síðari breytingum, og 15. gr. laga um skipamælingar nr. 50, 12. maí 1970, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um gjöld fyrir skoðun, skráningu og mælingu skipa o.fl. nr. 61 frá 26. janúar 1999.

Samgönguráðuneytinu, 7. febrúar 2000.

Sturla Böðvarsson.

Jón Birgir Jónsson.

SAMÞYKKT

**um afgreiðslu byggingarfulltrúa Akureyrar
skv. skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997, með síðari breytingum.**

1. gr.

Byggingarfulltrúi Akureyrar afgreiðir án staðfestingar byggingarnefndar mál er falla undir skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum, og skilgreind eru sem verkefni byggingarnefnda í lögnum önnur en úthlutun lóða, gerð byggingarskilmála og tillagna um nöfn gatna, torga og bæjarhluta.

2. gr.

Mál er falla undir 1. gr. afgreiðir byggingarfulltrúi og getur gefið út byggingarleyfi ef framkvæmdin uppfyllir öll ákvæði laga og reglugerða sem við geta átt, að þremur skilyrðum uppfylltum:

1. Að byggingarstjóri og iðnmeistarar sem ábyrgð bera, hafi undirritað yfirlýsingu um ábyrgð, sbr. 44. gr., 51. gr., og 52. gr. byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum.
2. Tilskilin gjöld vegna byggingarframkvæmdanna, hafi verið greidd.
3. Undirritaðir hafi verið byggingarskilmálar.

3. gr.

Mál sem byggingarfulltrúi afgreiðir samkvæmt samþykkt þessari skulu lögð fram til kynningar á næsta fundi í byggingarnefnd og bókuð í gerðabók nefndarinnar, en ekki tekin þar til annarrar afgreiðslu, en skulu hljóta afgreiðslu bæjarstjórnar með sama hætti og aðrar bókanir byggingarnefndar. Í gerðabókinni skal koma fram nafn umsækjanda, um hvað er sótt, og hvernig afgreiðslu málið fékk hjá byggingarfulltrúa.

Synji byggingarfulltrúi erindi skal hann gera hlutaðeigandi grein fyrir því með skriflegum rökstuðningi. Í slíkum tilfellum skulu líða a.m.k. 14 dagar þar til hann leggur málið fram í byggingarnefnd.

4. gr.

Um afgreiðslu byggingarfulltrúa gilda eftir því sem við á, ákvæði skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum.

5. gr.

Telji einhver rétti sínum hallað með afgreiðslu byggingarfulltrúa eða byggingarfulltrúi synji að afgreiða erindi, er honum heimilt að skjóta máli sínu til byggingarnefndar innan 14 daga frá því honum er kunnugt um afgreiðslu byggingarfulltrúa, og fer um meðferð kærumála skv. skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997, með síðari breytingum, og skv. stjórnssýslulögum nr. 37/1993.

Skulu slík kærumál send til lögmanns Akureyrarbæjar. Enn fremur er hægt að skjóta málinu til úrskurðarnefndar, sbr. 8. gr. og 4. mgr. 39. gr. skipulags- og byggingarlaga.

6. gr.

Ofangreind samþykkt bæjarstjórnar Akureyrar staðfestist hér með samkvæmt 1. gr. laga nr. 117/1999, um breytingu á skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997, með síðari breytingum, til þess að öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt fellur úr gildi samþykkt nr. 229/1996 um afgreiðslu byggingarfulltrúa Akureyrarbæjar á málum skv. byggingarlögum nr. 54/1978, ásamt breytingu nr. 47/1990, með síðari breytingum.

Umhverfísráðuneytinu, 21. febrúar 2000.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Smári Þorvaldsson.